Nr. 15.
27.
septbr.

# Auglýsing

um

að auglýsing frá stjórnarráði Íslands 29. maí 1888 skuli að nokkru leyti úr gildi felld.

Hjermeð skulu felld úr gildi ákvæðin í auglýsing frá stjórnarráði Íslands 29. maí 1888 um að fyrirmælum laga 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, skuli fylgt að því er snertir skip, er til Íslands koma frá Grimsby. Ennfremur fellur úr gildi bannið samkvæmt lögum 24. okt. 1879, 3. gr. í nefndri auglýsing gegn því að flytja með þessum skipum til Íslands brúkað lín, föt og sængurfatnað, nema þessir munir sjeu ferðafatnaður, dulur, brúkað vatt, hnökraull, afklippur af pappír, hár og húðir.

Ákvæðum laga 17. des. 1875 verður hjereptir beitt að því er þessa staði snertir:

Egernsund,

hafnir á frönsku ströndinni milli Nantes og St. Malo, að báðum þessum höfnum með töldum,

allar hafnir í Austurríki og Ungarn og

allar Egiptalands hafnir.

Fyrir alla þessa staði, að undan skildum Egiptalands höfnum, gildir og innflutningsbann samkvæmt lögum 24. okt. 1879. 3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta kunngjörist til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í stjórnarráði Íslands, 27. septbr. 1888.*

*J. Nellemann.*

*A. Dybdal.*

# Bekjendtgjørelse

Nr. 15.
27de
Septbr.

om

delvis Ophævelse af Ministeriet for Islands Bekjendtgjørelse af 29de Maj 1888.

Herved ophæves Bestemmelserne i Bekjendtgjørelse fra Ministeriet for Island af 29de Maj 1888 om Jagttagelse af de i Lov om Foranstaltninger til at forhindre Børnekoppers og den asiatiske Koleras Indbringelse til Island af 17de December 1875 foreskrevne Forholdsregler med Hensyn til Skibe, der ankomme til Island fra Grimsby, saa vel som ogsaa det i bemeldte Bekjendtgjørelse indeholdte Forbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3 mod al Indførsel ved saadanne Skibe af brugt Linned, brugte Klædningsstykker, brugte Sengklæder, for saa vidt de nævnte Gjenstande ikke høre til Personers Rejsegods, Klude, brugt Vat, Kradsuld, Papirsaffald, Haar og Huder.

Bestemmelserne i Lov af 17de December 1875 ere herefter i Virksomhed overfor følgende Steder:

Egernsund,
Havne paa den franske Kyst mellem Nantes og St. Malo, begge inkl.,
samtlige østerrigsk-ungarske Havne og
samtlige ægyptiske Havne.

Overfor samtlige de nævnte Steder med Undtagelse af ægyptiske Havne bestaar derhos Indførselsforbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3.

Denne Bekjendtgjørelse træder straks i Kraft.

Hvilket herved bekjendtgjøres til Efterretning for alle Vedkommende.

**Ministeriet for Island, den 27de September 1888.**

*J. Nellemann.*

*A. Dybdal.*